

Sp. 123. Tillaga til þingsályktunar

um brúargerðir á Miðá og Hörðudalsá í Dalasýslu.

Flm.: Þorsteinn Briem, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á þessu ári gera brú á Miðá hjá Leirmúla og brú á Hörðudalsá í Dalasýslu og heimilar til þess nauðsynlegt fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Miðá og Hörðudalsá eru mestu farartálmar á Skógarstrandarvegi, einkum Miðá, er tvær sveitir eiga yfir að sækja til læknisvitjana og verzlunarviðskipta í Búðardal. Eru ár þessar oft ófærar, einkum vor og haust, þegar mest er að flytja að og frá. Hin síðustu ár hafa þessir farartálmar orðið enn tilfinnanlegri en áður, með því að nú eru teknar upp stöðugar ferðir tvisvar í viku hverri, þegar fært er yfir ár þessar með flutning til smjörslagsins í Búðardal. En á smjörslaginu byggjast afkomuvonir þessara byggðarlaga nú, er sauðfjárstofn er að miklu fallinn vegna fjársýkinnar.

Þótt Miðá sé meira og hættulegra vatnsfall, verður reglubundnum ferðum eigi á komið nema brú komi einnig á Hörðudalsá. En skammt er á milli, og framkvæmd verksins mundi auðveldari og kostnaðarminni, ef brýrnar eru báðar gerðar samsumars. Er þá hægt að nota sama timbur til steypugerðar og sparnaður á flutningi vinnutækja allra og á ferðakostnaði smiða og tíma þeirra.

Fyrir stríð hafði vegamálastjóri gert kostnaðaráætlun um brúargerðir þessar. Kostnaður verður að vísu allmiklu meiri nú, en þó sízt tilfinnanlegri, þegar litið er á afkomu ríkissjóðs.

Auk þessa er hér á það að líta, að óvíst er, hvenær kostnaður lækkar og hitt, eigi síður, að nokkuð er til þess vinnandi, að búendur þeir, er við mesta samgönguörðugleika eiga að etja, flýi ekki í burtu frá erfiðleikunum, áður en brýrnar eru gerðar.